

## **Ályktun stjórnar Sundsambands Íslands vegna uppbyggingu og endurbóta á sunaðstöðu á Íslandi.**

Stjórn Sundsambands Íslands hefur miklar áhyggjur af því að sundíþróttaaðstaða víða um land er að dragast verulega aftur úr því sem eðlilegt má teljast. Allt stefnir í að sundíþróttin á Íslandi verði forréttindaþrótt örfárra útvalinna einstaklinga á suðvesturhorninu girði önnur sveitarfélög sig ekki í brók og vindi bráðan bug á vandanum.

Sundsamband Ísland hefur lengi kallað eftir uppbyggingaráætlunum á sundíþróttaaðstöðu hjá sveitarfélögum sérstaklega hefur verið horft til Akraness, Ísafjarðar/Bolungarvíkur og Akureyrar, þar sem þessi bæjarfélög hafa verið í farabroddi hvert í sínum landshluta. Því miður hefur þetta starf ekki borið árangur sem skyldi það er helst á kosningaárum sem væntanlegir frambjóðendur hafa glaðlega tekið undir með okkur, um nauðsyn þess að til verði uppbyggingaráætlun íþróttamannvirkja til næstu 10 – 15 ára.

Akraneskaupstaður hefur áratugum saman verið í farabroddi þegar kemur að uppbyggingu á íþróttamannvirkjum og skilað mörgu góðu íþróttafólki í raðir þeirra bestu á Íslandi, meðal annars hefur sundíþróttin notið góðs af metnaði bæjaryfirvalda á Akranesi. Núverandi sunaðstaða á Akranesi er ónóg til að þjóna almenningi, sundkennslu í skólum og eðlilegri þróun sundíþróttarinnar innan ÍA. Akranes var á árunum fyrir hrun komið vel á veg með að hefja byggingu nýrrar 50 metra sundlaugar í bænum. Þau áform lentu eðlilega á ís við efnahagshrunið 2008 og síðan hefur ákvörðun um að taka upp þráðinn verið frestað æ ofan í æ. Nú er svo komið að núverandi bæjarstjórn Akraness telur sig óbundna af samþykkt bæjarstjórnar á 1000. fundi sínum þann 11. október 2005 og hefur tekið byggingu 50 metra sundlaugar á Akranesi út úr öllum áætlunum sínum um uppbyggingu íþróttamannvirkja í bænum. Það er mjög miður og setur Sundfélag Akranes í afleita stöðu til uppbyggingar og árangurs.

Á norðanverðum Vestfjörðum hefur Ísafjarðarbær verið leiðandi afl og innan bæjarfélagsins eru reknar þrjár sundlaugar, sem þó eru allar í raun ónothæfar vegna stærðar/smæðar, til að þjóna saman almenningi, skólasundi og sundíþróttum. Að auki er fjórða sundlaugin í Bolungarvík sem er sömu annmörkum háð, hún er of lítil (stutt). Sveitarstjórnarfolk í þessum bæjarfélögum hafa stutt íþróttafélögin til sameiningar undir merkjum Vestra, sem ætti að öllu jöfnu að styrkja íþróttastarf á svæðinu. Um leið þarf að verða til samkomulag um uppbyggingu á keppnishæfri sundlaug á svæðinu, sundlaug sem getur sameinað þarfir almennings, skóla, íþróttafélaga og ferðamanna.

Akureyri hefur um langt árabil haft þá sérstöðu að vera barnvænn skólabær, vinsæll ferðamannastaður og hefur ímynd hreysti og mjög frambærilegrar íþróttaaðstöðu. Nú er svo komið að tilfinnanlega vantar aðstöðu fyrir sundfólk Sundfélagsins Óðins til æfinga og keppni. Á sama tíma er einnig þrengt að almenningi og ferðamaðurinn tekur „sundlaugin“ nánast yfir á stundum. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um hvar og hvernig megi koma við 50 metra innisundlaug í bænum, laug sem gæti uppfyllt þarfir Óðins og rýmkað um sundkennslu í skólum, gefið almenningi betra færi á að nýta sér sund til heilsuþótar. Um leið aukast gæði bæjarins sem ferðamannastaðar. Það er mjög aðkallandi að bæjarstjórn setji sér hið fyrsta bindandi áætlun í samstarfi við ÍBA og Sundfélagið Óðinn, þannig að sundíþróttin geti þróast á eðlilegan hátt á svæðinu.

Sundsamband Íslands minnir á að árangur í öðrum íþróttum eykst þar sem góð aðstaða til sundiðkunar er og í íþróttamannvirkjum stærri þjóða er iðulega innbyggð sundlaug til að gefa íþróttafólki hina ýmsu íþróttagreina tækifæri til að bæta endurheimt eftir erfiðar æfingar og keppni ásamt því að auka fjölbreytni æfinga afreksíþróttafólks úr öllum greinum í undirbúningi fyrir keppni.

Sundsamband Íslands er hér eftir sem hingað til, reiðubúið til ráðgjafar og aðstoðar við uppbyggingu mannavirkja og íþróttastarfs í sveitarfélögum allt í kringum landið.

Samþykkt á stjórnarfundi SSÍ þann 15. desember 2016